

**E/S**

EINKALEYFASTOFAN

Lindargötu 9 IS-150 Reykjavík

Árnason & Co. hf.
Höfðabakka 9
112 Reykjavík

Tilvísun yðar:
V92-2447

Tilvísun vor:
430-92/552

Dagsetning:
01.09.1993

MÁL:

Andmæli Árnason & Co. hf. í nafni Delta hf., Reykjavíkurvegi 78,
Hafnarfirði

gegn

skráningu vörumerkisins DELTA (orðmerki), sbr. umsókn nr. 552/1992, frá Birni Árnasyni, Árna Björnssyni í nafni Louis Leitz International GmbH & Co., Siemensstrasse 64, 7000 Stuttgart 30, Þýskalandi.

ÁKVÖRDUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA

MÁLSATVIK:

Hinn 18.06.1992 tilkynnti umboðsskrifstofan Björn Árnason, Árni Björnsson, Reykjavík, til skráningar vörumerkið DELTA (orðmerki), í nafni Louis Leitz International GmbH & Co., Siemensstrasse 64, 7000 Stuttgart 30, Þýskalandi. Umsóknin er nr. 552/1992. Óskað var skráningar fyrir ýmsar skrifstofuvörur í flokki nr. 16. Vörumerkið var birt í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum þann 23.07.1992.

Með bréfi dags. 19.08.1992, er barst Einkaleyfastofunni hinn 20.08.1993, andmælti Árnason & Co. hf., Höfðabakka 9, Reykjavík, í

nafni Delta hf., Reykjavíkurvegi 78, Hafnarfirði, skráningu vörumerkisins. Í andmælunum er vísað til 2. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 20. gr. vörumerkjalaga nr. 47/1968 og telur andmælandi andmæli sín „í fullu samræmi við framkvæmd og túlkun vörumerkjaskrárritara á 2. mgr. 3. gr. vml., sem fylgt hefur verið um árabíl.“

Umsækjanda voru send andmælin með bréfi dags. 20.08.1992 og veittur frestur til athugasemda til 20.12.1992. Frestur þessi var framlengdur með bréfi dags. 11.12.1992 til 11.04.1993. Engar athugasemdir bárust frá umsækjanda og var aðilum málsins því tilkynnt með bréfi dags. 11.05.1993 að mál þetta yrði tekið til ákvörðunar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

NIÐURSTAÐA:

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins DELTA (orðmerki), skv. umsókn nr. 552/1992, með vísan til firmanafns andmælanda Delta hf.

Í 2. mgr. 3. gr. vörumerkjalaga segir: „Nafn annars manns, firma eða sérkennilegt nafn á fasteign hans má ekki heimildarlaust nota sem vörumerki.“ Í 4. tl. 1. mgr. 14. gr. sömu laga kemur fram að óheimilt sé að skrá vörumerki „ef í merkinu felst eitthvað það, sem gefur tilefni til að ætla, að átt sé við firma annars manns, ...“.

Vörumerkið DELTA, skv. umsókn nr. 552/1992, og firmaheitið Delta eru eins. Við mat á því hvort vörumerkið DELTA gefur tilefni til að ætla að hér sé átt við hlutafélagið Delta verður að líta til þess hvort hætt sé við ruglingshættu hjá hinum almenna neytanda. Meta verður hvort hætt sé við því að almenningur telji að vörumerkið DELTA, skv. umsókn nr. 552/1992, tengist hlutafélaginu Delta. Hlutverk Delta hf. samkvæmt hlutafélagaskrá er: „Framleiðsla á lyfjum og skyldum vörum, rekstur rannsóknarstofu, rekstur verksmiðju sem framleiðir drykkjarföng og skyldar vörur, rekstur fasteigna og skyld þjónusta. Einnig annast félagið dreifingu, innflutning og útflutning á verslunarvörum, fjárfestingar í atvinnufyrirtækjum og lánastarfsemi.“ Vörulisti vörumerkjaumsóknar nr. 552/1192 verður að teljast það ólíkur starfsviði hlutafélagsins Delta að ekki verður talin hætt á því að almenningur

muni telja vörur undir vörumerkinu DELTA, skv. umsókn nr. 552/1993, stafi frá hlutafélaginu Delta. Til þess ber einnig að líta að í vörumerkjaskrá er að finna vörumerkið DELTA (orðmerki), nr. 271/1973, í flokki nr. 9, í eigu Siemens AG, Þýskalandi og í hlutafélagaskrá er að finna annað hlutafélag að nafni Delta, verkfræðistofa, starfandi á Akureyri. Ekki hafur verið upplýst af andmælanda hvenær hlutafélagið Delta var stofnað en af kennitölu þess má ráða að það hafi verið árið 1982. Ekki verður því talið að andmælandi hafi með skráningu firma síns öðlast ótakmarkaðan einkarétt á nafninu Delta utan síns starfsviðs.

Með vísan til ofanritaðs verða skilyrði til beitingar ákvæði 4. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga ekki talin uppfyllt.

ÁKVÖRÐUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA.

Skráning vörumerkisins DELTA (orðmerki), skv. umsókn nr. 552/1992, er heimiluð.

Ellý K.J. Guðmundsdóttir lögfr.

Afrit sent:
Björn Árnason, Árni Björnsson
Pósthólf 1552, 121 Reykjavík